



Aðalfundur Framfarafélags Flateyjar

Laugardaginn 2. mars 2019

í fundarsal Lions á Íslandi, Hlíðarsmára 14, 201 Kópavogi

Mætt eru:

Jóhann Jónsson (JJ) (Vertshús – austur), Örn Björnsson (ÖB) (Vertshús – austur), Katrín Ingibjörg Barðadóttir (KIB) (Eyjólfsbús - austur), Aðalheiður St. Sigurðardóttir (ASS) (Vogur), Guðmundur Lárusson (GL) (Vogur), Ingveldur Eypórsdóttir (IE) (Vinaminni), Hilmar Þór Bjarnason (HPB) (Berg), Bylgja H. Baldursdóttir (BHB) (Byggðarendi), Gyða Steinsdóttir (GS) (Sunnuhvol), Kristinn Nikulásson (KN) (Bentshús n.hæð), Heimir Sigurðsson (HS) (Skólahúsið – vestur), Ögmundur Gunnarsson (ÖG) (Bentshúsi - n.hæð), Sigfús Jónsson (SJ) (Bentshús e.hæð), Bjarni H. Sigurjónsson (BHS) (Berg), Friðrik Einarsson (FE) (Sóbakka), Guðrún Marta Ársælsdóttir (GMÁ) (Byggðarenda), Baldur Ragnarsson (BR) (Byggðarenda), Daði Heiðar Sigurbórsson (DHS) (Bræðraminni), Hörður Gunnarsson (HG) (Vesturbúðir/Eyjaberg), Gunnar Sveinsson (GSv) (Eyjólfsbús- vestur)

Fundarefni: samkvæmt lögum félagsins

1. Skýrsla stjórnar um störf ársins 2018
2. Reikningar félagsins 2018 lagðir fram til umræðu og samþykktar
3. Fjárhagsáætlun 2019 lögð fram til umræðu og samþykktar
4. Tillögur til breytinga á lögum félagsins
5. Kosning stjórnar og formanns skv. gr. 3.1.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga úr hópi annarra félaga
7. Skýrslur annarra félaga eða nefnda tengdum Flatey sem óska eftir að gera grein fyrir starfi sínu
8. Önnur mál

Formaður FFF, Gyða Steinsdóttir setti fundi og bauð fundarmenn velkomna. Stungið var upp á Herði Gunnarssyni sem fundarstjóra og Gunnari Sveinssyni sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða.

1. Skýrsla stjórnar

GS, formaður FFF flutti skýrslu stjórnar þar sem greint var frá helstu verkefnum stjórnar á starfsárinu sem hefði verið krefjandi en skemmtilegt. Aðalfundur FFF var haldinn 3. mars 2018 og það kom í hlut Vinaminni að standa fyrir Vetrarhátíð 2019. Fundarhöld í stjórn FFF hafa svolítið helgast af mismunandi búsetu stjórnarfólks á landinu en tveir fundir voru haldnir á Álftanesi en aðrir fjórir fóru fram sem fjarfundir á Skype. Einnig hefur lokuð FACEBOOK síða verið notuð til samskipta innan stjórnar FFF.

Stjórnin fjallaði um margvísleg mál og málefni er varða Flatey;

- **Samgöngumál**

GS átti fund með Tryggva Harðarsyni sveitarstjóra Reykhólahrepps 19. október s.l. þar sem málefni Flateyjar voru rædd. Þar bar á góma m.a. aðgerðir í hafnarmálum, smábátabyrggja, ástand vega, skúr undir slökkvibúnað, Verndarsvæði í byggð, áframhaldandi búseta í Flatey, stöðuveiting vegna gáma fyrir Orkubúið, hugmyndir um rafstreng o.fl. Farið var með "óskalista" til Vegagerðarinnar en lítið sem ekkert hefur gerst síðan. Það upplýstist enn

fremur að *"tengiliður FFF við Vegagerðina"* er hættur störfum. Einnig var fundur með Vegamálastjóra ásamt Heimi og Kristni frá FV þar sem málefni Flateyjar voru rædd. Vegamálastjóri tók sér ákveðinn tíma til að kynna sér málefni Flateyjar enda nýkominn til starfa hjá Vegagerðinni.

- **Kvikmyndataka í Flatey**

Síðastliðið vor var viðamikil kvikmyndataka í Flatey þar sem sjónvarpsþættirnir Flateyjargáta var tekin. Fjöldi fólks kom að þessari myndatöku með mikið magn af tækjum, bílum, fjórhjólum og öðrum búnaði og var tækja- og áhaldageymsla í Frystihúsinu meðan á tökum stóð. Þetta þýddi að gífurleg umferð var um veginn í Flatey og fór hann afar illa. Eftir tukur hófust bréfaskriftir bæði við Reykhólahrepp og kvikmyndafélagið Saga film um vegabætur og loforð um efni og endurbætur á vegi. Fjölmarginir komu að þessum bréfa- og tölvusamskiptum sem og ástandsljósmyndatökum á vegi og að lokum lofaði kvikmyndafélagið að senda 13 kör af efni út í Flatey en engan til að dreifa og jafna út þessu efni. Niðurstaðan í þessu mál var sú að heimamenn (Baldur Ragnars, Bjarni í Bergi og Heimir í Skólahúsi) tóku sig til og lagfærðu veginn með þessu aðsenda efni.

- **Flateyjar dagar**

Flateyjar dagar FFF voru haldnir fyrsta laugardag eftir Verslunarmannahelgi og tókust þeir afar vel. Góð þátttaka, frábær skipulagning af hálfu Daða Heiðars, fallegt veður og sveitarstjóri Stykkishólms heimsótti Flateyjar daga. Ekki var það verra að Flateyjarkirkja bauð öllum í messukaffi í samkomuhúsinu eftir messu.

- **Verndarsvæði í byggð fyrir Flatey**

Fjölmarginar skýrslu hafa verið skrifaðar um þetta merka mál og margir kynningarfundir haldnir með Flateyingum og eigendum húsa um málið á árinu. Málið var til lykta leitt með auglýsingu um *"Verndarsvæði í byggð fyrir Flatey"* í byrjun þessa árs og að loknum athugasemdafresti var tillagan send til ráðherra til staðfestingar.

- **Útkoma bókar Ævars Petersen um örnefni í Flatey**

Stefnt er að útkomu bókar ÆP á komandi vori. Framfarafélagið lagði til þessarar útgáfu myndarlegan styrk að upphæð kr. 500.000.- og vitað er að fleiri félög Flateyjar ætla einnig að leggja til útgáfustyrki. MG, Sólheimum hefur setið í undirbúningsnefnd af hálfu FFF ásamt GSv úr Eyjólshúsi ásamt tveimur öðrum fagmönnum á sviði bókarútgáfu og útlitshönnunar. Næsti fundur í nefndinni er boðaður 12. mars n.k.

- **Framtíðarnefnd**

Á síðasta aðalfundi FFF var komið á laggirnar Framtíðarnefnd til að huga að málefnum Flateyjar þegar til framtíðar er litið. Meðal þeirra sem valist hafa í nefndina eru Þorsteinn Bergsson (Herdísarhúsi), Anna Baldursdóttir (Byggðarenda), Heimir Sigurðsson (Skólahúsi - vestur), Jón Sigurðsson (Klausturhólum), Gyða Steinsdóttir (Sunnuhvoli). Haldinn hefur verið einn fundur þar sem margvísleg mál voru reifuð s.s. fá þingmenn kjördæmisins í lið með okkur til að styðja við bakið á Flateyingum og húseigendum í Flatey varðandi réttindi þeirra gagnvart OV er greitt hafa tengigjöld rafmagns í hús sín á eyjunni ef OV hættir keyrslu díselrafstöðva í Flatey. Rætt hefur verið um breytingar á lögum/reglugerð varðandi lögheimili í *"sumarbústaðabyggð"* í Flatey sem gerir þeim er hugur stendur til að flytja lögheimili sitt í Flatey.

- **Fortíðarnefnd**

Sömuleiðis á síðasta aðalfundi FFF var skipuð Fortíðarnefnd og hefur hún haldið einn fund. Í nefndina hafa valist Albert Páll Sigurðsson (Klausturhólum), Gunnar Sveinsson (Eyjólshúsi - vestur), Ævar Petersen, fuglafræðingur, Örn Sturluson (Vertshúsi austur), María Gestsdóttir (Sólheimum), Sverrir Jakobsson, sagnfræðingur o.fl. Mun GSv gera grein fyrir þessum fundi síðar á aðalfundinum.

- **Skemmtiferðaskip til Flateyjar**

Stjórnin hefur haldið fundi með fulltrúum Gáru/Nonna Travel varðandi skipulagningu og aðkomu Flateyinga og FFF að móttöku ferðamanna til Flateyjar. Rætt hefur verið um að einn aðili t.d. FFF verði n.k. "móttökustjóri" eða samskiptaraðili fyrir skemmtiferðaskip til Flateyjar, haldi skrá/yfirlit yfir allar komur skipana og biði fram aðstoð í landi við móttöku ferðamanna úr þessum skipum til Flateyjar. Fyrirtækið GÁRA sér um hafnarþjónustu og aðra aðstoð við u.þ.b. 70% allra skemmtiferðaskipa er koma til Íslands og síðan eru það tvö til þrjú sambærileg fyrirtæki er sjá um hin 30%. Nú þegar greiða flest skemmtiferðaskip er koma til Flatey s.n. "aðstöðugjald" til FFF að upphæð EUR 700.- fyrir hverja komu. Flest þessara skipa eru með sína eigin íslensku talandi leiðsögumenn. Greiðslur þessar frá skipunum hafa verið notaðir til stígagerðar og bæta aðstöðu fyrir ferðamenn í Flatey.

Á fundum með GÁRA hafa komið upp umræðuefni eins og hvað Flatey þolir af ferðamönnum, stýringu ferðamanna um eyjuna og að ferðamannahópar hafi fararstjóra eða heimamann sér til halds og trausts. Einnig hefur verið rætt um aðkomu sveitarfélagsins að þessu máli á einn eða annan hátt. Vitað er að það fyrirtæki/stofnun erlendis (North Atlantic Agency) er stendur fyrir fjölmörgum skipakomum hingað til lands og á norðlægar slóðir (Grænland/Svalbarða/norður Noreg o.fl.) hefur kynnt reglur/guide-lines fyrir slíkar heimsóknir á heimasíðu sinni enda vill NAA sýna ábyrgð og umhyggju fyrir viðkæmri náttúru þessara landa og svæða í hvívetna. Fram hefur komið ósk frá GÁRA að hafa aðgang að heimamönnum sem gætu tekið að sér slíka fararstjórn gegn greiðslu sem að hluta færi til FFF. Nú er vitað um 11 skipakomur í sumar til Flateyjar.

Stjórn FFF óskar eftir umræðu og viðbrögðum félagsmanna og Flateyinga um þessi mál og verður þetta mál rætt ýtarlega undir liðnum önnur mál hér á fundinum.

GS ræddi þessi mál símleiðis við GSv fyrir fundinn en Flateyjarkirkja hefur til margra ára staðið fyrir fararstjórn og leiðsögn fyrir all mörg skip á hverju sumri og hefur Flateyjarkirkja notið þess fjárhagslega.

- **Umhverfisverðlaun FFF**

Stjórn FFF hefur ákveðið að veita ekki umhverfisverðlaun þetta árið en óskar eftir umræðu um umhverfisverðlaunin og hugsanlega breytingu á þeim. Í gegnum tíðina hafa fjölmörg hús fengið þessi verðlaun fyrir gott fordæmi í umhverfismálum og eru þau vel að þeim komin. Innan stjórnar hafa komið upp hugmyndir að veita t.d. einstaklingum umhverfisverðlaun fyrir gott framtak í þessum málum eða jafnvel ákveðin verk s.s. stígagerð, uppbyggingu á aðstöðu o.s.frv. Óskað er eftir umræðu og tillögum í þessa veru frá félagsmönnum FFF.

- **Áhöld til viðhalds og lagfæringu á göngustígum**

Síðastliðið sumar lánaði Stykkishólmsbær áhöld og tól til nota við lagfæringu á göngustígum í Flatey. Rétt þykir að leita til Reykhólahrepps að hann leggi til áhöld og tól í þessum tilgangi og að þau verði geymd í Flatey. Leitað verður til Flateyjarveitna um að fá að geyma þessi áhöld í Tröllendahúsi félagsins. HS tók strax undir þessa ósk FFF og sagði hana bæði auðsótta og sjálfsagða.

2. Reikningar félagsins lagðir fram

Gjaldkeri FFF (DHS) lagði fram og skýrði reikninga félagsins og einstaka liði þeirra.

Helstu lykiltölur reikninga FFF eru eftirfarandi;

Rekstrartekjur alls eru **1.389.614.-** þ.a. eru félagsgjöld 315 þús, styrkir v/skemmtiferðaskipa 256 þús, innkoma Vetrahátíðar 676 þús og annað 143 þús.

Rekstrargjöld alls eru **1.886.671.-** þ.a. kostnaður v/Vetrahátíð 738 þús, bekkir og stígagerð 489 þús, styrkur til útgáfu ÆP 500 þús og annar kostnaður 160 þús.

Rekstrartap er því **-496.368.-**

Heildar eignir eru **2.278.169.-** þ.a. bankainnstæður 1.467 þús, ógreidd félagsgjöld 315 þús, ógreiddir styrkir 475 þús og annað 21 þús.

Heildar skuldir eru **587.253.-** og eigið fé 31.12.2018 er **1.690.916.-**

Reikningar félagsins eru endurskoðaðir og undirritaðar af kjörnum skoðunarmönnum reikninga félagsins þeim Katrínu Baldvinsdóttir, Eyjólfshúsi og Kristni Nikulássyni, Bentshúsi. Reikningum og fjárhagsáætlun FFF var dreift til fundarmanna á fundinum.

3. Fjárhagsáætlun ásamt tillögu um félagsgjöld fyrir næsta starfsár

DHS kynnti fjárhagsáætlun FFF fyrir 2019 en þar er gert ráð fyrir óbreyttum árgjöldum að upphæð 315 þús. tekjum af skemmtiferðaskipum 400 þús. en samtals eru tekjur **715 þús.** Rekstrargjöld eru áætluð **681 þús.** og þar af 500 þús. í stígaframkvæmdir og annar kostnaður 181 þús. Áætlaður hagnaður er því **34 þús.** Lagt er til að félagsgjöld verði óbreytt frá síðasta ári eða kr. 10.000.- p/hús. og kr. 5.000 fyrir aukafélaga FFF.

Í umræðu um ársreikninga, fjárhagsáætlun og félagsgjöld kom m.a. fram að gjaldkeri mun skoða ávöxtum af bankainnstæðum félagsins og innheimta ógreidda styrki til FFF á næstu dögum. Fram kom að 62 þús. króna tap hafði verið af Vetrahátíð 2018 og í kjölfarið spunnust nokkrar umræður um hvort halda ætti hátíðina á hverju ári, fyrirkomulagið að stjórn FFF velji næsta hús til að halda hátíðina, fá unga fólkið til að sjá um og taka þátt í undirbúningi Vetrahátíðar og/eða Flateyjardaga. Niðurstaða þessarar umræðu var að rétt væri að halda Vetrahátíð á hverju ári enda vettvangur Flateyingi til að hittast og samgleðjast, fá unga fólkið til liðs til að skipuleggja Flateyjardaga og koma að undirbúningi Vetrahátíðar. Jafnframt var samþykkt sú tillaga að Vinaminni tilnefni næsta hús til að halda Vetrahátíðina 2020 en jafnframt að það hús í samstarfi við stjórn FFF skoði breytingar á tilnefningu eða skipan sérstakrar skemmtinefndar fyrir Vetrahátíð FFF.

Ársreikningur 2018, fjárhagsáætlun 2019 og tillaga um óbreytt félagsgjöld voru síðan samþykkt samhljóða.

4. Tillögur til breytinga á lögum félagsins

Ekki komu fram neinar tillögur undir þessum lið.

5. Kosning stjórnar og formanns

Samkvæmt samþykktum FFF skal á aðalfundi kjósa í stjórn félagsins 5 félagar og er formaður kosinn sérstaklega.

Áður en til kosningu kom gerði GS, formaður FFF grein fyrir því að hún væri búin að vera formaður félagsins í fimm ár og vegna mikilla anna í vinnu og utan Flateyjar hefði hún vilja losna við formannsætið eitt árið til viðbótar en samþykktir félagsins kveða svo á "að enginn skal sitja lengur en sex ár samfellt í stjórn". Leitað hefur verið að aftaka formanns í embætti innan stjórnar og utan en ekki fundist fyrir þennan aðalfund og skoraði GS því á fundarmenn að einhver gæfi kost á sér í þetta embætti. Viðbrögð fundarins voru þau að skora á GS að gefa kost á sér eitt árið til viðbótar og jafnframt gaf Katrín Barðardóttir, Eyjólfshúsi - austur kost á sér að taka sæti sem "gestur" á stjórnarfundum FFF þetta komandi ár. Aðrir stjórnarmenn gefa allir kost á sér til áframhaldandi setu. Þetta var samþykkt samhljóða með lófaklappi.

Stjórn FFF skipa;

Gyða Steinsdóttir, Sunnuhvoli formaður

Bylgja Baldursdóttir, Byggðarenda varaformaður

Daði Heiðar Sigurþórsson, Bræðraminni, gjaldkeri

Hilmir Þór Bjarnason, Bergi, stjórnarmaður

María Gestsdóttir, Sólheimum, stjórnarmaður

Sérlegur gestur á stjórnarfundum stjórnar FFF verður Katrín Barðardóttir

6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Stungið upp á áframhaldandi störfum Katrínu Baldvinsdóttir og Kristinn Nikulásssonar við endurskoðun og áritun reikninga félagsins. Tillagan var samþykkt samhljóða með lófaklappi.

GS þakkaði fyrir hönd stjórnar kjörið og þakkaði stjórnarmönnum fyrir gott samstarf á árinu sem og félagsmönnum öllum.

7. Skýrslur annarra félaga eða nefnda tengdum Flatey

1. Kirkjustjórn/sóknarnefnd og fjáröflunarnefnd Flateyjarkirkju

GSv greindi frá verkum og störfum í tengslum við Flateyjarkirkju og fjáröflunarnefndar kirkjunnar á síðasta ári;

- **Baráttan gegn því að leggja Reykhólasókn niður var tekin upp á nýjan leik**
Undanfarin tvö ár hafa sóknir undir Reykhólaprestakalli barist gegn því að sameinast Hólmavíkurprestakalli en þessi tillaga kom frá Biskupsstofu og Biskupafundi og var síðan samþykkt á Kirkjuþingi 2018. Talið var víst að tekist hefði að kveðja þennan "*draug að Sunnan*" niður í fyrra með skeleggum ályktunum, fundum heima í héraði og bréfi prófast Vestfirðinga til Biskups og Biskupsstofu. En það var greinilegt að líf var í þessum draug og hann endurvakinn með samþykkt Kirkjufundar í febrúar 2019 og sett dagsetning fyrir þessa sameiningu 1. júní 2019. Greinilegt að hér var um endanlegan gjörning að ræða af hálfu Biskupsstofu og Biskups enda var þessi sameining aðeins ein af fjölmörgum um land allt. Fyrir Flateyjarsókn er því aðeins eitt að gera og ítrekaði sóknarnefnd og kirkjustjórn fyrir ályktun sína með bréfi inn á fund Héraðssóknarnefndar Vestfjarða er haldinn var á Reykhólum í síðasta mánuði og upplýsti að Flateyjarsókn hyggist óska eftir að flytja sóknina frá Reykhólasókn yfir til Stykkishólmsprestakalls. Þessari ákvörðun eru sóknarbörn Flateyjar sammála um sem og sóknarnefnd og kirkjustjórn Flateyjarsóknar. Nú þegar er búið að ræða þessi mál við sóknarprest og sóknarnefnd Stykkishólmsprestakalls og hafa þau öll tekið þessari beiðni mjög vel. Nú er að fara af stað formlegt ferli í þessa veru en erindið þarf að berast Biskupsstofu frá sóknarnefnd kirkjunnar og fer það síðan inn á Biskupafund til staðfestingar og heim í hérað (Reykhóla) til kynningar.
- **Flateyjarkirkja "*tekin í fóstur*"**
Það var mikið gæfuspor fyrir Flateyjarkirkju þegar fjöldi hjálpsamra Flateyinga tókust það á hendur "*að taka kirkjuna í fóstur*" eina viku í senn meðan þeir dvöldu í húsum sínum í Flatey. Þetta þýðir að þetta góða fólk hefur umsjón með kirkjunni þessa viku, sér um þrif, þurrka af, skipta út notuðum einnota skóhlífum og fylla á kortastandinn í anddyri kirkjunnar o. m. fleira. Framtak þessara frábæru sjálfboðaliða hefur tekist ótrúlega vel og er eftir því tekið hve kirkjan er í góðu ástandi, skínandi hrein og fögur og vel þrifin öllum stundum. Oft segja sjálfboðaliðarnir þegar líða tekur á þeirra kirkjuviku "*Megum við koma aftur næsta sumar því okkur öllum (fullorðnum og börnum) þótti þetta svo skemmtilegt og gefandi - og svo hittum við líka svo marga er koma í kirkjuna*". Flateyjarkirkja þakkar af alhug þetta góða starf.
- **Söfnunarlundurinn fyrir dósasöfnun formlega vígður í júní 2018**
Það voru dugnaðar meistarasmíðir sem tóku aldeilis á honum stóra sínum við að byggja og smíða söfnunarlundinn góða á vormánuðum síðasta árs. Þetta voru þeir Helgi í Grænararði og synir hans sem stóðu svona vel að verki. Í byrjun júní mánaðar var lundurinn vígður með athöfn þegar sonur Guðmundar Stefánssonar, Stefán klippti á borðann að viðstöddum fjölmörgum Flateyingum. Það er samdóma álit allra að vel hefur tekist til að ramma inn þessa mikilvægu fjáröflunarleið fyrir kirkjuna.
- **Messa fyrsta laugardag eftir Verslunarmannahelgi á ári hverju í Flatey**
Áralöng hefð er fyrir því að messað er í Flateyjarkirkju fyrsta laugardag eftir Verslunarmannahelgi sem á síðasta sumri bar upp á 11. ágúst. Það var fallegur og sólríkur laugardagur þegar Flateyingar fjölmenntu til kirkju sinnar til þessarar árlegu messu enda var

Þetta kveðjumessa prestsins okkar, séra Hildur Björk Hörpudóttir. Með presti í för var okkar ágæti orgelleikari, Ingimar Ingimarsson og góður kór Reykhólakirkju. Messan var í senn bæði falleg og hátíðleg og lauk athöfninni með því að flestir kirkjugestir gengu til altaris og meðtóku hina kirkjulega blessun Guðs. Við lok messu flutti Gunnar Sveinsson í Eyjólshúsi stutta kveðjuræðu f.h. Flateyinga og þakkaði presti okkar fyrir góða þjónustu og viðkyningu og færði Hildi Björk kveðjugjöf sem var "*biblía okkar Flateyinga*" Síðasta skip Suður eftir þá Jökul og Baltasar. Eftir messu var öllum í Flatey boðið í messukaffi og var þar fjölmenni mikið.

- **Móttaka skemmtiferðaskipa til Flateyjar til fjáröflunar fyrir kirkjuna**

Í fjölmörg ár hefur fjáröflunarnefnd kirkjunnar séð um móttöku og leiðsögn fyrir skemmtiferðaskip sem komið hafa til Flateyjar í fjáröflunarskyni fyrir kirkjuna. Þessi fjáröflun hefur skipt mjög miklu fyrir fjárhag kirkjunnar og gert henni kleift að viðhalda kirkjunni í því góða ástandi eins og allir hafa tekið eftir. Síðast liðið sumar sáum við um tvö slík skip sem tókst afburðavel en það þriðja þurfti frá að hverfa vegna veðurs í byrjun júlí mánaðar. Yfirleitt eru þetta smærri skemmtiferðaskip er koma til Flateyjar með um 50 - 120 manns og hefur Flateyjarkirkju tekist að fá til liðs við sig góðan hóp Flateyinga sem er viljugt og fúst til að taka að sér þessa leiðsögn fyrir þessa hópa. Allt þetta góða fólk gerir þetta í sjálfbóðaliðsstarfi fyrir kirkjuna enda fara allir þeir fjármunir sem inn koma fyrir þessa leiðsögn beint til Flateyjarkirkju. Kirkjan stendur í mikilli þakkarskuld við þetta frábæra fólk úr röðum Flateyinga.

- **Fjárhagsleg staða Flateyjarkirkju og menningarlegt hlutverk hennar**

Ánægjulegt er að segja frá því að fjárhagsleg staða kirkjunnar er góð og miðað við þau átta sóknarbörn sem skráð eru í kirkjusókninni þá er hún frábær. Þessu ber að þakka því mikla starfi sem sjálfbóðaliðar og velunnarar kirkjunnar hafa ætíð lagt til kirkjunnar. Dósasöfnun gengur vel og skilar álitlegum fjármunum ár hvert, sala á fjáröflunarvörum skilar talsverðu, tekjur af komum skemmtiferðaskipa eru umtalsverðar og síðast en ekki síst allar þær minningargjafir sem kirkjunni eru færðar ár hvert enda þykir gott að heita á Flateyjarkirkju. Fyrir allt þetta viljum við í sóknarnefnd og kirkjustjórn Flateyjarkirkju þakka af hlýhug. Í þessu sambandi og í blálökin þykir rétt að árétta hlutverk Flateyjarkirkju í menningarlífi Flateyinga og með þetta í huga er ráðgert að kaupa fallett og gott píanó í kirkjuna fyrir næsta sumar.

- **Verkefna- og óskalisti Flateyjarkirkju fyrir 2019 og til framtíðar**

Að lokum langar okkur að minnast á verkefnalista og "*óskalista*" yfir verkefni sem við hyggjumst framkvæma eða stuðla að á næstunni:

Viðgerð á gluggum kirkjunnar, mála kirkjuna að utan í sumar, kaup á hljómfögru píanó og síðan að girða umhverfis kirkjuna í samvinnu við Minjavernd. Af óskalistanum má nefna skrifa sögu Flateyjarkirkju, aðkoma kirkjunnar að rekstri Bókhlöðunnar, útgáfustarfsemi og útgáfa kynningarbæklingis um kirkjuna, framleiða hina vinsælu Flateyjarbolla á nýjan leik, sýning á gripum í eigu kirkjunnar og efla enn frekar menningarhlutverk hennar.

Í umræðu um skýrslu Flateyjarkirkju kom fram að fundurinn vildi mjög gjarnan sýna stuðning sinn í verki varðandi flutning Flateyjarsóknar frá Reykhólum til Stykkishólmsprestakalls enda Flateyjarsókn "sjálfstæður aðili sem ráða má næturstað sínum" og ætíð þegar slík ósk kemur fram um flutning sóknar yfir í annað prestakall þá er orðið við þeim óskum af hálfu Biskups og Biskupsstofu. Einnig verður eitað eftir stuðningi frá öllum húseigendum í Flatey um þessar hugmyndir sóknarnefndar/kirkjunefndar Flateyjarkirkju. Undir liðnum önnur mál verður borin upp stuðningsyfirlýsing frá fundinum um þessi mál.

2. Fortíðarnefnd

GSv greindi frá fundi Fortíðarnefndar sem haldinn var 12. desember s.l. Í þessa nefnd hafa eftirfarandi aðilar valist; Albert Páll Sigurðsson, Klausturhólum, Ævar Petersen, fuglafræðingur, Örn Sturluson, Vertshúsi-austurendi, María Gestsdóttir, Sólheimar,

Gunnar Sveinsson, Eyjólfsúsi, Karl Gunnarsson, Vertshúsi, Sverrir Jakobsson, sagnfræðingur ásamt fleiri sagnfræðingum, fornleifafræðingum og rektor Landbúnaðarháskólans o.fl. Á þessum fyrsta fundi var rætt um málið vítt og breitt og reynt að gera sér grein fyrir hverjir yrðu áherslupunktur og umfang starfa þessarar nefndar. Mikið af heimildum eru til um Flatey en þær eru á óteljandi stöðum bæði ritaðar og í hinum rafræna heimi. Talað var um að koma upp **gagnagrunni** til að ná utan um þennan fróðleik. Rætt var um **þjóðgarð í Flatey**, **kortlagningu fornminja** í Flatey, **upplýsingagjöf** til ferðamanna og **merkingu minja og staða**, **fjármögnun** á áhugaverðum verkefnum að tilstuðlan nefndarinnar og styrkumsóknir, aðkoma nefndarinnar að **endurbótum og uppgerð fornminja** og **leitun þeirra** með nýjustu tækni (jarðsjá, drónatækni, loftmyndun og NASA tækni), **söfnum heimilda**, ljósmynda, bóka og áhugaverða hluta er tengist sögu eyjarinnar og leitað til Flateyinga í þessu efnum, **standa að sýningum** (þemasýningar) og **rafræn miðlun upplýsinga** um sögu Flateyjar, mögulegir **samstarfsaðilar** í þessari vegferð, **hverju þarf að bjarga** sem er að fara forgörðum. Þetta er ótrúlega umfangsmikið verkefni og krefjandi og mun nefndin skila af sér fundargerð til FFF á næstunni þar sem umræðunni og hugarfluginu verður lýst nánar.

8. Önnur mál

Umhverfisverðlaun FFF

Í framhaldi af skýrslu stjórnar þar sem umræða skapaðist um umhverfisverðlaun FFF og veitingu þeirra var óskað eftir framhaldsumræðu undir liðnum önnur mál um þetta mál. Þar kom m.a. fram; þörfin að veita umhverfisverðlaun árlega, er rétt að breyta um aðferð við veitingu eða setja verðlaunaveitingu í "*pásu*" í eitt eða tvö ár, staðreynd er að mikil bragabót hefur orðið á nærumhverfi í Flatey og Flateyingar orðnir mjög meðvitaðir um umhverfi, umgengni og tiltekt í Flatey. Niðurstaða þessara umræðu var "**að stjórnin komi með tillögu um veitingu umhverfisverðlauna þegar ástæða þykir til. Jafnframt er óskað eftir að félagsmenn FFF og Flateyingar komi með tillögur í þessu máli**".

Skemmtiferðaskip til Flateyjar

HG hafði forsögu um málefni varðandi komur skemmtiferðaskipa til Flateyjar. Málið er mikilvægt fyrir Flatey bæði út frá umgengis- og umhverfissjónarmiðum en ekki síður fjárhagslegum hagsmunum eyjaskeggja. Staðreynd er að fjölgun skemmtiferðaskipa hefur orðið undanfarin fimm til sex ára. Í byrjun voru eitt til tvö að koma á hverju sumri en nú hafa verið boðaðar 11 skipakomur í sumar og kemur fyrsta skipið 19. maí kl 20:00. Fram hafa komið óskir frá þeim aðilum (GÁRA/Nonni Travel - Jóhann Bogason) er skipuleggja um 70% allra viðkomu skemmtiferðaskipa til hinna ýmsu staða og hafna á Íslandi um að komið verði á betra skipulagi, skráningu og yfirsýn yfir þessar skipakomu til Flateyjar og hvort hægt væri að leita til eins miðlægs aðila í eyjunni er gæti þjónað þessa skipaaðila. Til umræðu eru ýmsar hugmyndir um gjaldtöku af þessum skemmtiferðaskipum til Flateyjar;

1. Komugjald innheimt af sérhverju skipi eins og er í flestum tilfellum í dag. Greitt er ákveðið gjald (EUR 700.-) til FFF en þeir fjármunir renna til stígagerðar og endurbóta á viðkomustöðum ferðamanna í Flatey.
1. Gjald innheimt af sérhverjum farþega er kemur land.
2. Þjóna farþegum skemmtiferðaskipa upp á "*fararstjórn*" eða "*staðar skoðunarferð*" um eyjuna. Tekið yrði ákveðið gjald t.d. 4.000 - 5.000.- af hverjum farþega og rennur það að hluta til fararstjórans sjálfs og að hluta til FFF eða annars aðila sem kemur að þessum málum. Það skal tekið fram að mörg þessara skemmtiferðaskipa hafa með í för íslenskan leiðsögumenn er fylgja ferðamönnum.

All mikil umræða varð um þetta mikilvæga mál fyrir Flatey. Þar kom m.a. fram; Hver eru þolmörk Flateyjar m.t.t. fjölda ferðamanna til eyjunnar og þarf að fara huga að því að setja fjöldatakmörk og hver á þá að setja þau mörk. Með vaxandi fjölda ferðamanna vex óþol heimamanna og húseigenda í Flatey gagnvart þessum vaxandi fjölda enda ágengi oft á tíðum mikið. Atvinnurekstur í eyjunni ber

fjárhagslegan hag af komu ferðamanna og vill gjarnan nýta sér þennan tekjumöguleika. Nauðsynlegt er að setja reglur um umgengi og leiðbeiningar til ferðamanna í Flatey s.s. ákveðin bannsvæði (friðuð svæði, slægjulönd bænda, heimasvæði húsa í eyjunni, hættuleg svæði o.s.frv.) og reglur um rusl og að skilja ekki eftir sig rusl. Ef tekið yrði upp sú regla að gjald fyrir fararstjórn renni til fararstórans sjálfs að hluta og annar hluti til FFF eða annara aðila þá hefur þessi þjónusta (sem nú þegar er til staðar) breyst úr sjálfboðaliðsstarfi yfir í atvinnumennsku - er það æskileg þróun? Hver myndi sjá um fararstjórn fyrir þessa ferðamenn? (heimamenn, aðilar úr húsunum, starfsfólk hótelsins í aukavinnu, utan-að-komandi leiðsögumenn) Ef ákveðinn aðili, (skipulagsaðili/móttökustjóri í Flatey) tæki að sér þetta verkefni hver á þá að sjá um það? (FFF, hótelið, kirkjan eða einhver annar aðili). Væri rétt að þessi aðili gerði "þjónustusamning" við skipuleggjendur þessara skipa? Getur ákveðinn aðili í Flatey ákveðið að hefja gjalddöku á þessi skemmtiferðaskip og hver er lagaleg staða heimamanna í þessum málum. Hvað segja lög og reglugerðir um þessi tilvik? Þarf sveitarfélagið, löggjafinn og yfirvöld ferðamála að koma að þessum málum áður en gjalddöku hefst og skilyrði eru sett fyrir farþega þessara skipa er vilja koma í land í Flatey? Hver verður afstaða til annara ferðamanna er koma til Flateyjar t.d. með ferjunni Baldri, sjófarendur með seglaskútum og öðrum skipum eða jafnvel þyrlum)? Hver er staða annara aðila er skipuleggja komur skemmtiferðaskipa til hinna ýmsu staða á Ísland - geta þeir neitað að greiða uppsett gjald út frá samkeppnisstjórnarmíðum eða vöntun á lagastoð fyrir slíkri gjalddöku? Fjölmörgum spurningum og álitamálum var varpað upp í umræðunni og margir fletir þessa máls ræddir. Að lokinni þessari umræðu var lögð fram tillaga "að stjórn FFF yrði falið að útfæra þessar hugmyndir sem komið hafa fram varðandi skipulag, yfirsýn um skipakomur á hverjum tíma, gjalddöku af skipum og ferðamönnum til eyjarinnar og gerð þjónustusamnings við þau fyrirtæki er skipuleggja viðvöl og komur skipa til Flateyjar og koma með tillögu að stefnumörkun í þessum málum. Niðurstaða stjórnarinnar verður síðan kynnt félagsmönnum".

Þessi tillaga var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum en einn sat hjá.

Stuðningsyfirlýsing aðalfundar FFF varðandi flutning Flateyjarsóknar

Eins og fram kom í skýrslu GSv um málefni Flateyjarkirkju í 7. lið dagskrá fundarins var óskað eftir stuðningi fundarins við þessar hugmyndir sóknarnefndar og kirkjusóknar Flateyjarkirkju. Eftirfarandi tillaga var lögð fram;

"Aðalfundur Framfarafélags Flateyjar lýsir yfir stuðningi við ákvörðun sóknarnefndar og kirkjustjórnar Flateyjarkirkju að flytja sóknina og skipan hennar frá Reykhólaprestakalli til Stykkishólmsprestakalls"

Þessi tillaga var samþykkt samhljóða.

Að þessum orðum sögðum var dagskrá fundar tæmd og þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fyrir góðan fund og upplýsandi sem og málefnalegar umræður. Minnti á að Vetrarhátíð FFF hæfist stundvíslega kl. 19:00 um kvöldið.

Fundarritari GSv.